

## Háskólaráð

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Dagný Kristinsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara (Skype), Erna Kaaber fulltrúi meistaránema (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema, Leifur Finnbogason fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Vignir Freyr Sigurjónsson fulltrúi Íbúaráðs

**Áheyrnarfulltrúar:** Stefán Kalmansson gæðastjóri, Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri

**Fjarverandi:** Sigurður Baldvin Friðriksson fulltrúi Háskólagáttar. Bent var á að fulltrúa starfsmanna vantar eftir að Guðrún Björk Friðriksdóttir lét af störfum.

Gestur fundarins voru Margrét Jónsdóttir Njarðvík viðtakandi rektor og Jóhanna Marín Óskarsdóttir prófstjóri.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fram voru lagðar þrjár fundargerðir, 9. desember, 30. janúar og aukafundur 13. desember. Þær eru samþykktar.

**2. Undirbúningur markaðsherferðar fyrir haustönn 2020**

VE segir frá undirbúningi að markaðsherferð haustannar.

Háskóladagurinn var haldinn sl. laugardag. Meginþungi kynningar voru í HÍ. Í HR var notaður skjár þar sem Halldóra Lóa námsráðgjafi var á hinum endanum. Gekk vel og vakti mikla athygli.

Háskóladagur í HA næstkomandi laugardag. Um miðja næstu viku verður háskóladagur á Ísafirði, kynning á miðvikudagskvöld í Háskólasetrinu og á fimmtudagsmorgunn í MÍ.

Búið að opna fyrir umsóknir. Verið að opna nýjan umsóknarvef í Uglu.

Markaðsherferð fyrir umsóknir á haustönn, hefst um miðjan apríl og stendur fram í júní.

BHH -spyr út í hugmynd sem hann kom með, að fólk í gátt geti nýtt skólagjöldin upp í gjöld í grunnnámi.

HJ – bendir á að auglýsa sem ekki að engin skólagjöld séu innheimt en svo sé staðfestingargjald.

Rætt um komandi vinnuhelgar vegna veirunnar sem gengur yfir heiminn. DK segir að við höldum okkar striki þar til annað verður ákveðið af yfirvöldum.

### 3. Fjármál

VE og HS kynna stöðu fjármála í janúar-desember 2019. Niðurstaðan er í takt við áætlanir og hafa tölur verið stöðugar undanfarna mánuði. Tekjumegin eru skólagjaldatekjur hærri vegna fjölgunar nemenda. Launakostnaður kemur hærri á móti. Húsnæðiskostnaður lægri, gert ráð fyrir aukafjármagni en fólk var ráðið í aukavinnu til að sinna viðhaldi. Tölvuhlutinn – kostnaður vegna Uglu en á móti kom framlag vegna þessa frá ráðuneytinu.

Deildaskipt uppgjör: Þarf að ná út úr Uglu hvernig skipting er á milli félagsvísindagreina og lagagreina í Félagsvísinda og lagadeild. Þarf að sundugreina hvað sviðin eru að gefa.

SLE – bendir á að ef skipta eigi Félagsvísinda og lagadeild á milli greina, ætti að skipta grunn og meistaránámi í Viðskiptadeild. Er þörf á þessari skiptingu þegar deildin er orðin sameinuð.

HKA – spyr hvernig kennslukostnaður sé reiknaður út þar sem nokkur námskeið innan lagadeildar eru samkennd með viðskiptadeild.

HS -ef námskeið tilheyrir Viðskiptadeild lendir kostnaður á viðskiptadeild. Ef kostnaður er greinanlegur er honum skipt niður.

### 4. Gæðamál

SK kynnir umbótaáætlun (enhancement plan) fyrir gæðaúttekt á skólanum. En þessi áætlun lýsir því hvaða áhersluatriði verða í okkar starfi næstu árin. Talsverð handavinna eftir, skrifa skýrsluna og safna saman tölfræði. Eitt verkefni sem er eftir, kanna afstöðu nemenda með spurningakönnun. Árið 2012 var búin til stór spurningakönnun og send á nemendur, aftur í lok árs 2017. Og nú aftur í lok mars til að hafa samanburð á upplifun nemenda. Stefnt að því að drög að skýrslunni sé tilbúin fyrir páska. Skýrslan fari frá okkur í lok apríl/byrjun maí.

Formaður nefndarinnar kemur í ágúst, ræðir við hópinn. Leggur fyrir gögn sem þurfa að vera tilbúin fyrir komu nefndarinnar. Stóra málið í þessari vinnu snýr að kennsluháttum skólans, kennslufræðum og kennslutefni m.t.t. þróunar í fjarnámi. Farið í yfirgripsmikinn samanburð við aðra skóla sem eru framarlega í sínum flokki.

Úttektaraðilar koma til okkar í lok október, þá er vinnuhelgi grunnema.

SK bendir á að skólinn fái hrós fyrir þátttöku og virkni nemenda.

HJ bendir á að stjórnseta og þessi störf séu mikilvæg reynsla fyrir störf á vinnumarkaði.

MJ- spyr hvort skólinn hafi tekið upp Heimsmarkmið SP. VE segir að skólinn sé aðili að Prime.

Rætt um kennslumál skólans, getu hans til að standa að góðu starfi, gæðum kennslu og fyrirlestra.

### 5. Jafnlaunavottun

VE segir frá því að skólinn fer að fá heimsókn frá vottunarfyrtæki, stefnt að þeirri heimsókn um miðjan mars.

## 6. Skóladagatal 2020-2021

DK fer yfir skóladagatal komandi skólaárs.

Leggur til tvær breytingar, annars vegar að sjúkraprófsdagsetningar séu á færðar til innan skólaársins og hver lota kláruð áður en næsta próflota hefst. Hins vegar að sumarönn verði 6 vikur í stað þriggja, eins og nú er.

HJ -syr hvort komið hafi til tals að hafa próf um helgi. Próf geta raðast þannig að nokkur þung próf dag eftir dag. Jafnvel verkefnaskil rétt fyrir próf. Gerist sérstaklega í lotu 2 og 4, þegar löng námskeið klárast. DK tekur þessa ábendingu til skoðunar innan kennslusviðs.

DK sendir skóladagatal á skóla í sveitarfélaginu.

## 7. Samráðsfundur í ráðuneyti

VE segir frá því að í síðustu viku var fundur með stjórnendum skólans, deildarforsetum og embættismönnum ráðuneytisins. Farið yfir áætlun og stefnu skólans. Einnig kynnt hvernig staðið er að rannsóknum. Fyrirliggur að í haust verði úttekt á gæðum fjarnáms.

## 8. Samstarfið við Kaospilot/Hjallastefnuna

Hefur gengið hægar að vinna að grunndiplómu en vonir stóðu til.

Samstarf við EBF er í vinnslu.

Væntanleg ferð VE og MJ til Árósa, þar á að fara yfir það hvar málin standa.

## 9. Málefni aðalfundar

Á næsta fundi ráðsins þurfa fundarmenn að afgreiða tilnefningar í stjórn, varamenn og í fulltrúaráð. Venjan er sú að Háskólaráð tilnefnir aðila í stjórn sem þekkir skólann, hið sama hefur gilt um varamanninn. Í fulltrúaráð – starfsmenn í aðalsæti og nemendur með varasæti.

Nemendur hafa getað setið fundi með réttindum

Farið yfir mögulega kandiðata í þessi sæti.

## 10. Erindi frá nemendum

Undir þessum lið kom Jóhanna Marín Óskarsdóttir inn á fundinn.

### a. Staða starfsnáms og skiptináms hjá skólanum

- Ræða um að auka sýnileika **starfsnáms** á heimasíðu og í Uglu.
- Þarf að laga tengilið á heimasíðu.
- Er ekki áfangi á Uglu. Þyrfti að vera valáfangi í námskeiðaskráningu Uglu.

JM – búið að ræða um að gera umsóknarsíðu en hefur ekki komist að vegna innleiðingar á kerfunum.

**Skiptinám** – grunnur fyrir skiptinámi þarf að vera til staðar. Upplifun nemenda mismunandi. Einn nemandi sem kom úr skiptinámi var ekki skráður í nein kerfi. Var ekki með lærdómssamning við sinn háskóla. Segist hafa sent marga pósta á

skólann sem var ekki svarað. Rætt um alþjóðadeildina og skilvirkni hennar. Rætt um að nemendur sem hafi farið í skiptinám komi í kennslustundir og kynni það. VE -ræðir að markaðssetja þurfi skiptinámið betur. Þjónusta vegna starfsnáms má vera betri.

**b. Skortur á prófsýningum sbr. reglum skólans**

Það er mat fulltrúa nemenda að prófsýningar séu ekki kynntar nemendum. Rætt um mögulegar leiðir, t.d. prófsýningardagur, nemendur láti vita af sér. Ein hugmynd að hafa prófsýningardag í skóladagatali. Má skýra betur í Handbók um nám og kennslu. Hafa hlutina skýrari.

Tekið til skoðunar innan skólans.

**c. Breytingartillaga á reglu sem snýr að kærurétt nemenda vegna prófa.**

BHH leggur til breytingartillögu þar sem kemur fram að nemandi sem hefur staðist próf geti kært.

Veltir því upp hvort eðlilegt sé að nemandi sem er ósáttur við einkunn hafi ekki kærurétt.

Tekið til skoðunar innan skólans. Þetta er breyting á reglugerð skólans og þarf því að fara fyrir stjórn skólans.

**d. Kennsluáætlanir og gildi þeirri eftir að þær eru birtar**

- Rætt um að kennsluáætlun sé breytt eftir að hún er birt. Var einhliða breyting á kennsluáætlun á námskeiði nú á vorönn, þar sem vægi verkefna var breytt. Spurt var hver er framkvæmd á svona málum.
- Annað atriði þegar vægi námsmats kemur ekki fram á kennsluáætlunum.
- SK benti á að þetta sé rætt innan deildarráða deilda.

Tekið til skoðunar innan kennslusviðs.

**e. Deildarráð Viðskiptadeildar**

BHH spyr um fyrirkomulag á fundarboðun. Hvort það hittist með reglulegu millibili.

JSS – Deildarforseti boðar fund og gerir það eftir þörfum. Hafa hist 1-2 á önn.  
SLE- bendir á að fulltrúi nemenda geti óskað eftir fundi.

**f. Framkvæmd munnlegra prófa – breytingatillaga**

BHH – vel gert í prófum fyrir lotu 1. Nemandi sendur fram. Kennarar sammælast um einkunn og kalla nemanda inn. Þá getur nemandi komið sínum sjónarmiðum á framfæri.

Tekið til skoðunar á kennslusviði.

**g. Breytingar á fyrirkomulagi skólans v/ Fons Juris**

Fons Juris lokaði fyrir aðgang skólans fyrirvaralaust sl. föstudag sem var bagalegt fyrir nemendur. Skólinn hefði getað staðið betur að málum til kynningar fyrir nemendur.

VS leggur til að póstur komi frá deildinni til skýringar.

**h. Viðvera starfsfólks á vinnuhelgum**

Hafa kynningar á göngum, sýnilegar kynningar á starfsnámi, skiptinámi á þessum helgum. Viðvera námsráðgjafa um helgar. Kynna t.d. Coventry á vinnuhelgum.

**i. Staða nemenda sem fara til Coventry hvað varðar einingar**

BHH – ræðir um Coventry en að það námskeið er 6 eininga en missó 8. Lagt til að halda námskeið í Framsækni og örugg tjáning 2. Þetta skiptir máli fyrir nemendur til að þeir geti fengið námslán en þar er miðað við 20 einingar.

JSS – segir að undanfarið hafi verið gert ráð fyrir því að Coventryfarar skrifi stærri lokaritgerð.

Tekið fyrir á vettvangi deilda.

**j. Íbúafundur 2019 – eftirfylgni**

HJ – fyrir rúmu ári var stefnt að því að skólinn og Borgarbyggð myndu semja um þjónustu og viðhald á svæðinu. Spyr hvar þessi mál standi.

VE – segir að málið hafi verið rætt en lítið gerst.

Lagt til að Íbúaráð taki málið til skoðunar.

#### 11. Önnur mál

**DK** – leggur til að fundargögn, séu þau til- verði almennt send út nokkrum dögum fyrir fund, svo umræðan verði skilvirkari.

**VS** – vinnuhelgar. Segir að moka þurfi bílastæði fyrir vinnuhelgar, mikið af fólki sem kemur. Fólk hefur lent í vandræðum.

**HJ** – segir frá vettvangsferð lögfræðinema. Fóru á ýmsa staði, buðu kennurum lagadeildar í létt spjall. Fámennt en góðmennt, almenn ánægja. Kennarar hvöttu til þess að þetta yrði gert aftur.

Fundi slitið kl. 16.15

Dagný Kristinsdóttir ritaði fundargerð.